



SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: sfk@sfk.is – Veffang: www.seydisfjordur.is

Alþingi
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seyðisfirði 2. mars 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstarleyfi), mál 457.

Eftirfarandi er umsögn bæjarráðs Seyðisfjarðar við frumvarp til breytinga á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 (heimagisting, veitingastaðir án áfengisveitinga, ótímabundin rekstarleyfi).

Almennt um frumvarpið.

Frumvarpinu er ætlað að einfalda löggjöf og einfalda tiltekinni tegund gistingar aðgang að starfa löglega, á gistimarkaði fyrir ferðamenn. Með tillögum í frumvarpinu er verið að rýmka verulega ákvæði um leyfisveitingar til heimagistingar. Svo virðist að með því sé horft fram hjá jafnræði aðila á markaði. Með frumvarpinu er slakað á eftirliti sem ætlað er að tryggja öryggi og heilsusamlega gistingu. Frumvarpið mun trúlega hafa neikvæð áhrif á almennan húsnæðismarkað þar sem í því er hvati til að nýta íbúðarhúsnæði til gistasölu til ferðamanna. Þá kann frumvarpið að raska samkeppnisstöðu á háannatíma auk þess sem lægri fasteignaskattur veldur mismunun. Ástæða er til að vekja athygli á ónæði og óþægindum sem hlýst af umferð á öllum tímum í íbúðagötum og eða fjölbýli sem íbúar geta ekki séð fyrir að húsnæði í götunum fari í slíkan rekstur við kaup á íbúðarhúsnæði. Einnig má ætla að gera þurfi ráð fyrir auknum umsvifum embætta Sýslumanna vegna eftirlits með starfsemi. Sér í lagi með því að verið er að fjalla um 90 daga samtals á ári jafnvel í mörgum mislögum tímabilum.

Athugasemdir við einstaka greinar.

1. gr. b-liður 1. mgr. „90 daga“ heimildin.

Það er mat bæjarráðs að afar erfitt verði að hafa eftirlit með því að eignir séu ekki boðnar til leigu lengur en 90 daga samanlagt á ári hverju. Ekki kemur fram með nægilega skýrum hætti hvað það þýðir. Né heldur tilgangur takmörkunarinnar.

7. gr.

Í greininni er kveðið á um að leyfisveitandi skuli leita umsagna líkt og verið hefur. Sú breyting er þó gerð að sveitarstjórn skuli staðfesta atriði sem snúa að skipulags- og byggingarmálum, lokaúttekt, afgreiðslutíma og staðsetningu staðar, skilyrðum laga um hollustuhætti og mengunarvanir, laga um matvæli og grenndaráhrif vegna hljóðvistar og kröfum um brunavarnir. Það er í anda markmiðs frumvarpsins að einfalda ferli við skráningu umsækjanda. Það er nokkur nýjung í opinberri stjórnarsýslu að það sé metið til einföldunar að bæta við millilið í ferli sem þetta og færir til kostnað í ferlinu. Þá virðist uppi misskilningur um að umsækjendur þurfi sjálfir að biðja um umsagnir hjá hverjum þessara aðila um sig og koma þeim til leyfisveitanda. En umsóknir eru lagðar inn hjá leyfisveitanda sem síðan aftar umsagna. Nokkuð er um að slökkvilið, heilbrigðiseftirlit og jafnvel embætti byggingarfulltrúa eru rekin sem samstarfsverkefni með mismunandi formi reyndar, þar sem fjallað er um ólíka þætti er varða umsóknirnar og sumir vart samrýmanlegir. Þá bendir bæjarráð á að byggingarfulltrúi er sjálfstætt stjórnvald sem ber ábyrgð á eftirliti með öryggi, hollustu og aðgengi mannvirkja og að

mannvirki uppfylli kröfur í samræmi við notkun samkvæmt rekstarleyfi. Sömuleiðis eru slökkvilið sjálfstæð stjórnvöld sem starfa á ábyrgð sveitarstjórna.

Lokaorð

Verði frumvarpið að lögum óbreytt mun það fela í sér mismunun milli gistitegunda. Í því er neikvæður hvati fyrir markað með almennt íbúðarhúsnæði. Einföldun kann til lengdar að hafa þau áhrif að draga niður ímynd ferðaþjónustu á Íslandi þar sem gæði láti undan. Sé það talið rétt að einfalda og rýmka ákvæði um leyfisveitingar er rétt að það sé gert með almennum hætti og í samræmi við jafnræðisreglu.

Virðingarfyllst,
f.h. bæjarráðs Seyðisfjarðar


Vilhjálmur Jónsson